

## **Kæru íbúar.**



Í ljósi aðstæðna sem uppi eru í samfélaginu vegna Covid-19 biðjum við þig að fara vel yfir innihald þessa bréfs.

Sveitarstjórn, ásamt yfirmönnum í sveitarfélaginu hafa unnið hörðum höndum við útfærslur á starfsemi stofnanna sveitarfélagsins.

Nú þurfum við öll að taka höndum saman og sýna samfélagslega ábyrgð við að halda samfélaginu gangandi. Eins og við vitum öll er samfélagið okkar lítið og hver einstaklingur í samfélaginu skiptir lykil máli í svona stóru verkefni. Okkar megin hlutverk er að vernda viðkvæma hópa og vill sveitarfélagið beina því til íbúa að fara eftir leiðbeiningum landlæknis um sóttkví, forðast ferðalög á áhættusvæði og reyna að fresta óþarfa ferðalögum.

### **Heimsending á vörum:**

Sveitarfélagið hefur samið við Hólabúð, áhaldahúsið og skólabílstjóra um heimsendingu á vörum til íbúa. Þjónustan er ætluð fyrir þá sem eru í áhættuhópi, sóttkví eða glíma við veikindi. Þetta á aðeins við vörur úr versluninni en ekki tilbúinn mat.

Heimsendingar eru keyrðar út á miðvikudögum og föstudögum og afgreiddar í síma 434 7890 (Hólabúð) fyrir kl.11 þá daga sem keyrt er.

### **Grunur um smit Covid-19:**

Komi upp grunur um smit skal hafa samband við heilsugæsluna í Búðardal á opnunartíma, á milli kl. 9 -12 og 13 -16, í síma 432-1450 og fá samband við hjúkrunarfræðing eða fá símatíma hjá lækni. Alls ekki koma á heilsugæsluna sé grunur um smit.

Utan opnunartíma skal hringja í 1700. Við viljum benda á að hægt er að finna ýmsar upplýsingar á eftirfarandi vefsíðum: [www.covid.is](http://www.covid.is) [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) [www.heilsuvera.is](http://www.heilsuvera.is)

Ef um neyðartilfelli ræðir hafið samband við 112.

Fylgjast með tilkynningum frá sveitarfélaginu á [www.reykholar.is](http://www.reykholar.is) því fyrirkomulag getur breyst frá degi til dags.

Sveitarstjórn Reykholahrepps.